

# NÁM, ÞROSKI OG RANNSÓKNIR

## E-713-NTHR



**Ár:** 1. ár

**Önn:** Haustönn

**Tegund námskeiðs:** Skylda

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 6 vikna námskeið

**Kennari:** Rúnar H. Andrason

**Lýsing:** Gefið verður yfirlit yfir helstu kenningar um nám og þroska barna og unglunga og hvernig þær tengjast mismunandi nálgunum að kennslu. Kynntar verða stefnur um nám og kennslu sem eru framarlega á líðandi stundu. Fjallað verður um rannsóknir innan náms- og þroskasálfræði á áhrifum erfða og umhverfispáttá á þroska einstaklinga á ýmsum sviðum. Einnig verður vikið að ýmsum álitamálum innan námssálfræði og rök með og á móti vegin með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna. Gefið yfirlit yfir aðferðir sem notaðar eru við rannsóknir á skólastarfi. Fjallað verður um mismunandi rannsóknarsnið, aðferðir við gagnasöfnun, úrvinnslu og túlkun niðurstaðna. Nemendur fá þjálfun í að lesa og meta rannsóknargreinar með tilliti til þess hvernig nýta megi niðurstöður þeirra í kennslu.

**Námsmarkmið:** Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemar:

- hafi kynnst kenningum innan náms- og þroskasálfræði og kennslunálgunum tengdar þeim,
- þekki til umræðu dagsins um náms- og kennsluaðferðir,
- þekki helstu rannsóknarsvið í náms- og þroskasálfræði,
- þekki helstu rannsóknaraðferðir sem nýtar eru við rannsóknir á skólastarfi,
- geti metið rannsóknargreinar með tilliti til rannsóknarsniðs, aðferðafræði, og hagnýts gildis niðurstaðna.

**Námsmat:** Verkefnavinna, æfingar, virkni og kynningar

**Lesefni:** *Educational psychology* (10<sup>th</sup> ed. eða nýrri)

Woolfolk, A.

*Research Design: Qualitative, Quantitative and Mixed Methods Approaches* (2<sup>nd</sup> ed. eða nýrri)

Creswell, J.W.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, umræðutímar og verkefnavinna

**Tungumál:** Íslenska

**ECTS:** 10